

## Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Ástu Guðrúnu Helgadóttur um íslenska námsmenn sem fá fjárhagsaðstoð frá norrænum stofnunum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu margir íslenskir námsmenn hafa fengið fjárhagsaðstoð á árunum 2005–2015 frá eftirtöldum norrænum stofnunum:*

- a. Centrala studiestödsnämnden (CSN) í Svíþjóð,*
- b. Statens Uddannelsesstøtte (SU) í Danmörku,*
- c. Lånkassen í Noregi,*
- d. Folkpensionsanstalten (FPA) í Finnlandi?*

Þar sem ekki er haldið utan um umbeðnar upplýsingar hér á landi leitaði LÍN til systurstofnana annars staðar á Norðurlöndum. Í töflunni eru upplýsingar sem fengnar voru frá lána-sjóðum um fjölda íslenskra námsmanna sem þiggja stuðning til náms í þessum löndum.

	<b>Svíþjóð</b>	<b>Danmörk*</b>	<b>Noregur</b>	<b>Finnland</b>
2004/5	266	527	247	5
2005/6	233	588	234	6
2006/7	225	520	247	6
2007/8	226	577	242	5
2008/9	246	584	282	6
2009/10	257	792	326	4
2010/11	248	659	357	5
2011/12	240	909	432	6
2012/13	232	1.015	470	5
2013/14	231	1.084	535	5
2014/15	209	1.165	598	7

\* Öll löndin nema Danmörk gefa upp tölur miðað við skólaár.  
Tölur í Danmörku gilda fyrir almanaksárið, þannig eru t.d. upp-gefnar tölur 2004/5 heildartölur fyrir árið 2005.